



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

1. APR. 2019

Málsnr.: SFS201904000YBréfalykill: 4.9Reykjavík, 29. mars 2019
R19030296

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK**Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um aukið nemendalýðræði**

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Ásdísar Maríu Hrafnadóttur og Bryndísar Ýrar Sigurþórsdóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisráð, að auka nemendalýðræði í grunnskólum Reykjavíkur með því að gefa nemendum möguleika á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans.

Greinargerð:

Meginmarkmið nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi. Skólinn er okkar samfélag. Eini vettvangurinn sem nemendur hafa í dag til formlegs samráðs við skólayfirvöld er skólaráð og við teljum það ekki bera tilætlaðan árangur. Að okkar mati er skólaráð sýndarlýðræði og því viljum við fá alvöru tækifæri til áhrifa í okkar skólasamfélagi. Þess vegna leggjum við til að bein áhrif nemenda á sitt samfélag verði aukin og þeim gefinn möguleikinn á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans. Með þessu er verið að veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar sem einnig er hluti af leiðarljósi nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við teljum raunhæft að hægt væri að hrinda þessu verkefni í framkvæmd haustið 2020.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.